

Ár 2015, fimmtudaginn 5. febrúar, var haldinn sameiginlegur eigendafundur eigenda og stjórnar Strætó. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 12.05. Viðstödd voru Dagur B. Eggertsson, Sigrún Edda Jónsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Stefán Eiríksson, Jóhannes Rúnarsson, Bryndís Haraldsdóttir, Haraldur Sverrisson, S. Björn Blöndal, Guðlaug Kristjánsdóttir, Haraldur Líndal Haraldsson, Gunnar Einarsson og Gunnar Valur Gíslason.

Einnig sátu fundinn Pétur Krogh Ólafsson og Helga Björk Laxdal sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga:

1. Skipuð verði sérstök stjórn yfir ferðapjónustu fatlaðs fólks undir forystu Stefáns Eiríkssonar sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar með aðild fulltrúa Öryrkjabandalagsins, Sjálfsbjargar og Þroskahjálpar. Skipunartími stjórnarinnar verði fjórar vikur.

a) Meginhlutverk stjórnarinnar er að tryggja örugga og eðlilega þjónustu og framkvæmd ferðapjónustu fatlaðs fólks eins fljótt og kostur er.

b) Stjórnin hafi fullt umboð til að gera þær breytingar sem hún telur nauðsynlegar til að bæta úr í þjónustu og framkvæmd.

c) Stjórn hefur enn fremur fullt umboð til að gera tillögur um breytingar á fyrirkomulagi eða framkvæmd þjónustunnar til framtíðar.

2. Stjórnin geri sérstaka úttekt á alvarlegu máli Ólafar Þorbjargar Pétursdóttur

3. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar verði falið að gangast fyrir óháðri úttekt á aðdraganda, innleiðingu og framkvæmd ferðapjónustu fatlaðs fólks hjá Strætó.

Samþykkt.

2. Lagt til að eftirfarandi fulltrúar verði skipaðir í stjórnina: Þorkell Sigurlaugsson, Bryndís Haraldsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Guðjón Erling Friðriksson og Stefán Eiríksson. Starfsmaður stjórnarinnar verður Jóhannes Rúnarsson.

Samþykkt.

3. Lagt til að erindisbréf stjórnarinnar verði gefið út á mánudaginn og lagt fram til staðfestingar á stjórnarfundi SSH. Stjórnin hefur störf nú þegar.

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 13.25.

Dagur B. Eggertsson
Sigrún Edda Jónsdóttir
Kristín Soffía Jónsdóttir
Jóhannes Rúnarsson
Gunnar Valur Gíslason
Gunnar Einarsson
Guðlaug Kristjánsdóttir

Bryndís Haraldsdóttir
Ásgerður Halldórsdóttir
Stefán Eiríksson
Haraldur Sverrisson
S. Björn Blöndal
Haraldur Líndal Haraldsson